

**Frá:** Sigríður Gísladóttir

**Sent:** þriðjudagur, 6. desember 2022 13:15

**Efni:** Okkar heimur óskar eftir styrk

Við erum að hafa samband fyrir hönd Okkar heims sem er stuðningsúrræði fyrir börn og foreldra/forsjáraðila með geðrænan vanda eða geðsjúkdóma. Helstu verkefni Okkar heims eru að miðla fræðslu til barna sem eiga foreldra með geðrænan vanda, stuðla að vitundarvakningu um stöðu og réttindi þessara barna á Íslandi ásamt því að bjóða upp á mánaðarlegar fjölskyldusmiðjur fyrir barnafjölskyldur þar sem áhersla er á samtal, stuðning og fræðslu fyrir börnin og foreldra þeirra í hlýlegu og fordómalausum umhverfi.

Við erum nú að vinna að fjármagni fyrir árið 2023 og erum að leita til allra sem mögulega geta stutt við starfið svo að fjölskyldusmiðjurnar geti haldið áfram göngu sinni. Við leitum því til sveitarfélaga í von um að hægt sé að styðja að einhverjum hluta við starfið okkar. Við vildum því kanna hvort að Árborg sjái sér fært um það og óskum eftir 600.000 kr. styrk ef hægt er.

Okkar heimur býður upp á samfélagslega þjónustu sem er ekki veitt annars staðar. Í júní árið 2019 voru réttindi barna sem aðstandenda tryggð með lögum hér á landi. Samkvæmt þeim eiga börn rétt á viðeigandi ráðgjöf og stuðningi sem aðstandendur foreldris sem glímur við alvarleg veikindi. Þessar lagabreytingar eru mikil réttarbót fyrir börn og veita þeim sjálfstæðan rétt sem aðstandendur. Með þessu er leitast við að tryggja að fagfólk sé vakandi fyrir því ef veikindi foreldra hafa áhrif á velferð og líðan barna og að markvisst sé unnið innan stofnana samfélagsins að því að kortleggja fjölskyldur og veita þeim aðstoð við hæfi (Lög nr. 50/2019). Þrátt fyrir þetta hefur lítið gerst í málum þessara barna hér á landi og enn er mikill skortur á úrræðum til að mæta þörfum þeirra. Í dag er Okkar heimur eina úrræðið á Íslandi sem starfar í þágu barna sem eiga foreldra með geðsjúkdóma. Úrræðið er byggt upp og unnið í samstarfi við góðgerðarsamtökin Our Time í Bretlandi, sem hafa áratuga reynslu af stuðningi við börn foreldra með geðrænan vanda.

Fjölskyldusmiðjur Okkar heims eru forvarnarstuðningur fyrir barnafjölskyldur þar sem foreldri/forsjáraðili glímur við geðrænan vanda eða geðsjúkdóm. Úrræðið var þróað af Dr. Alan Cooklin, breskum geðlækni og fjölskyldufræðingi, og byggir á gagnreyndri þekkingu sem skapast hefur síðustu áratugi með rannsóknum á börnum sem eiga foreldra með geðsjúkdóma. Úrræðið byggir á hugmyndum um áhættuþætti og seiglu og er meginmarkmið inngripsins að draga úr hættu á millikynslóðaflutningi geðsjúkdóma með því að efla styrkleika barna, ýta undir verndandi þætti og um leið minnka áhættuþætti tengda veikindum foreldra. Smiðjurnar hafa staðið fjölskyldum til boða víða á Bretlandi í yfir 20 ár og nú einnig í Þýskalandi og á Spáni. Rannsóknir á smiðjunum erlendis hafa sýnt fram á góðan árangur. Sýnt hefur verið fram á smiðjurnar hjálpi til við að

byggja upp seiglu hjá börnum í þessari stöðu. Fjölskyldur öðlast aukinn skilning á geðsjúkdómum, aukið sjálfstraust og upplifa minni hræðslu og skömm í kringum veikindin. Þá hefur einnig komið í ljós að smiðjurnar bæti sambönd á milli foreldra og barna, dragi úr félagslegri einangrun fjölskyldna og í einhverjum tilfellum dragi úr bakslögum hjá foreldrum.

Fjölskyldusmiðjur Okkar heims eru haldnar mánaðarlega og eru fjölskyldum að kostnaðarlausu. Smiðjurnar fóru af stað á höfuðborgarsvæðinu í september árið 2021 og hafa gengið vonum framár en margar fjölskyldur nýta sér nú stuðninginn í hverjum mánuði. Þær fjölskyldur sem sækja þjónustu okkar eru búsettar á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi sveitarfélögum.

Að lokum viljum við benda á vefsíðu

okkar: <https://eur03.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.okkarheimur.is%2F&data=05%7C01%7Cfjola.steindora.kristinsdottir%40arborg.is%7C0cade550da8f4ba6469608dad78bf451%7C3e415f6f3fc6463faef03cd11e20149c%7C0%7C0%7C638059294053347244%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&reserved=0> en þar er

að finna fræðsluefni ætlað börnum sem eiga foreldra með geðrænan vanda.

Í viðhengi er kynningarbæklingur um fjölskyldusmiðjurnar ásamt kynningu á starfsemi Okkar heims.

Bestu kveðjur,

--

Sigríður Gísladóttir  
Framkvæmdastjóri